

13. verkefni 13almanak

	Aðgerð	Skýring
1.	Breyttu spássíum: Efst=2,5 neðst=3,0 vinstri=2,3 og hægri=2,3	
2.	Settu síðuhaus og fót skv. fyrirmynd	(Notaðu flýtlhuti, notaðu Word til þess að setja inn upplýsingar t.d. dagsetningar og skráarheiti)
3.	Gerðu þessar breytingar á öllu skjalinu (veldu það með Ctrl + A fyrst)	
	Línubil=1 Letur= Arial Leturstærð= 10pt Stilling efnisgreina= Jafnaðar Tungumál= Íslenska	
4.	Breyttu: mirkv í myrkv tveimur orðabilum í eitt (notaðu Breyta gluggann)	
5.	Breyttu fyrirsögninni Almanak Háskólans: Miðjuð, textaáhrif, 18 pt letur	
6.	Settu stóran forstaf á fyrstu efnisgrein (setja inn og velja )	Notaðu letrið Matura Script Capital
7.	Raðaðu bláa listanum í stafrófsröð	Heim, Raða (Hann er ekki raðaður í fyrirmyndinni)
8.	Settu hægristilla tölusetningu á listann	(Heim, Tölusetning, Skilgreina nýtt talnasnið...)
9.	Stilltu inndrátt svo tölur listans séu á 1 cm (notaðu reglustikuna )	
10.	Settu þessar stillingar á fyrirsögnina Nokkrar dagsetningar næstu árin: Leturstærð= 12 Leturgerð= Litlir hástafir Stafabil= Breitt 2 pt Millibil á undan 12, á eftir 6 pt	
11.	Veldu ártölin og dagsetningarnar og smelltu á reglustikuna til að setja fimm dálkhök á 5 7,5 10 12,5 og 15 sm 	
12.	Skrifaðu afganginn af töflunni og gakktu frá skv. fyrirmynd	
13.	Gakktu frá fyrirsögninni Tíðni sólmyrkva og tunglmyrkva Notaðu miðjun, textaáhrif, millibil (12 og 6) og leturstærð (14)	
14.	Textinn neðan við fyrirsögnina: Inndráttur =Vinstri og hægri 1,8 Letur= 9 skáletur Rammi: Skuggi , breidd= 2 ¼ , litur (skygging), litur á ramma, valkostir= 10pt bil í kring	
15.	Sólmyrkvi og Tunglmyrkvi: Hangandi inndráttur (á reglustiku)= 3 cm Millibil á eftir= 6pt	Velur textann og dregur neðri örina(ekki kassann) að 3 sm 
16.	Notaðu sniðpensilinn  til að afrita útlitið á fyrirsögninni Nokkrar dagsetningar... yfir á fyrirsagnirnar tvær um dagana Bóndadagur ... og Bolludagur ... (Aðferð: Veldu texta með snið, smelltu á Sniðpensilinn og veldu svo textann sem á að fá sama snið)	
17.	Settu áherslumerki á textann um dagana	
18.	Raðaðu línunum um bolludag o.s.frv. skv. fyrirmyndinni	

19.	Settu snið á textann Heimild ...	(Hægristilltu, feitletraðu, skáletraðu)
20.	Settu inn og skrifaðu neðanmálsgreinarnar (Á orðin „Bóndadagur“ og „Sprengidagur“) Settu bilið með dálklykli og stilltu hangandi inndrátt á reglustiku	
21.	Settu inn myndir af Bing Myndir, klippimynd(e. Clipart), leitarorð: planet og af netinu (bolla, nota google). Stilltu orðskrið mynda.	

Almanak Háskólans

Almanak Háskólans er eina almanakið hérlandis sem birtir ítarlegar stjörnufræðilegar upplýsingar fyrir almenning. Auk þess er þar að finna margvíslegan annan fróðleik eins og t.d.:

1. Birtuflokkun stjarna
2. Myrkvar
3. Jafndægur og sólstöður
4. Hringar Satúrnusar
5. Hnettir himingeimsins
6. Gríska stafrófið
7. Forskeyti mælieininga
8. Dagsetningar á næstu árum (hátiðisdagar og aðrir merkisdagar)
9. Dagatal með upplýsingum um sjávarföll og gang himintungla
10. Björtustu fastastjörnurnar



NOKKRAR DAGSETNINGAR NÆSTU ÁRIN

	2016	2017	2018	2019	2020
Páskadagur	27. mars	16. apríl	1. apríl	21. mars	12. apríl
Sumardagurinn fyrsti	21. apríl	20. apríl	19. apríl	25. apríl	23. apríl
Uppstigningardagur	5. maí	25. maí	10. maí	20. maí	21. maí
Hvítasunnudagur	15. maí	4. júní	20. maí	9. júní	31. maí

Tíðni sólmyrkva og tunglmyrkva

Myrkvar vekja einatt áhuga almennings, og oft er spurt um það hve algengir þeir séu. Þessu er erfitt að svara nákvæmlega, því að tíminn sem líður milli myrkva er óreglulegur.

Sólmyrkvi Þegar sól er almyrkvuð einhvers staðar á jörðinni, sést ávallt deildarmyrkvi frá öðrum stöðum, og almyrkva á einum stað getur fylgt hringmyrkvi annars staðar á jörðinni.

Tunglmyrkvi Tunglmyrkvar sjást frá hálfri jörðinni í senn, það er að segja þeim helmingi jarðar sem snýr að tungli þegar myrkvinn verður.

BÓNDADAGUR, ÞORRI, ÞORRAÞRÆLL

- ❖ Þorri er í 4. mánuði vetrar að íslensku tímatali.
- ❖ Bóndadagur¹ er fyrsti dagur þorra, miðsvetrardagur.
- ❖ Þorraþræll er síðasti dagur þorra (laugardagur).

BOLLUDAGUR, SPRENGIDAGUR, ÖSKUDAGUR

- ❖ Bolludagur er mánudagur í föstuinngangi, kenndur við bollur sem siður er að borða þennan dag.
- ❖ Sprengidagur² er þriðjudagur í föstuinngangi, kenndur við kjöthátíð á undan páskaföstunni.
- ❖ Öskudagur, miðvikudagur í 7. viku fyrir páska, fyrsti dagur 40 (virkra) daga páskaföstu.



Heimild: Almanak Háskólans

¹ Þessi dagur var tyllidagur að fornu. Sagt er að bændur hafi þá átt að „bjóða þorra í garð“ og að húsfreyjur hafi átt að gera bændum eitthvað vel til.

² Sprengidagur var áður kallaður **sprengikvöld**.